



Akraneskaupstaður
Velferðar- og mannréttindaráð
Stíllholt 16-18
300 Akranes

Akranesi, 28.janúar 2016

Efni: Endurnýjun á bifreiðakosti ferðaþjónustu aldraðra og fatlaðra

Í gildi er samningur milli Höfða og Akraneskaupstaðar vegna ferðaþjónustu fyrir aldraða og fatlaða á Akranesi. Samningurinn er frá október 2001. Þegar umræddur samningur var gerður var keypt ný bifreið sem hefur alla götur síðan verið notuð til að sinna þessari keyrslu, nú er svo komið að bifreiðin er að skriða inn í 15. rekstrarár sitt. Reglulega hefur stjórn og stjórnendur Höfða ljáð máls á því við Akraneskaupstað að komið væri að endurnýjun bifreiðarinnar, rekja má slíkar beiðnir allt aftur til ársins 2012.

Nú er svo komið að ekki verður lengur hægt að búa við óbreytt ástand. Er það mat bæði bílstjóra bifreiðarinnar og stjórnenda Höfða að ekki verði lengur hægt að fresta endurnýjun. Viðhaldspörf bifreiðarinnar hefur aukist sífellt undanfarin misseri með auknum viðhaldskostnaði og hnökkrum í þjónustu við þjónustuþega.

Við lauslega athugun á kostnaði við endurnýjun á bifreið má búast við að ný bifreið kosti á bilinu 11 til 15 milljónir króna með þeim búnaði sem nauðsynlegur er í slíka bifreið.

Samkvæmt 9.grein samningsins um akstursþjónustu leggja samningsaðilar fram fjármagn til endurnýjunar í samræmi við kostnaðarskiptingu síðasta rekstrarárs fyrir endurnýjun bifreiðar. Árið 2015 var kostnaðarskiptingin 98% Akraneskaupstaður og 2% Höfði.

Er það ósk mín að gengið verði til endurnýjunar á núverandi bifreið.

Virðingarfyllt,

Kjartan Kjartansson
framkvæmdastjóri